

# Samningur

## mennta- og menningarmálaráðuneytis

### við Vesturfarasetrið ses.

### um ráðstöfun styrktar-/rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Vesturfarasetrið ses., kt. 621199-2509, í samningi þessum nefnt Vesturfarasetrið, gera með sér svofelldan samning.

#### 1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Viðhalda og auka samskipti milli fólks af íslenskum ættum í Norður-Ameríku og Íslendinga búsettum á Íslandi,
- starfrækja stofnun sem auðveldar fólki sem er af íslensku bergi brotið að leita uppruna síns á Íslandi og jafnframt að aðstoða Íslendinga við að finna skyldfólk sitt í Ameríku.

1.2. Starfsemi:

- Vesturfarasetrið tekur að sér að veita upplýsingar til fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður-Ameríku um rætur þess hér á landi, ættingja þeirra á Íslandi og menningarlega og félagslega arfleifð.
- Vesturfarasetrið skal byggja upp gagnagrunn og safna þeim gögnum, ritum og bókum sem þarf til að geta veitt almennar upplýsingar um sögu fólks af íslenskum ættum og afdrif þeirra eins og við verður komið.
- Vesturfarasetrið stendur, eftir því sem kostur er, fyrir sýninga- og fræðslustarfsemi í húsnæði sýni á Hofsósi til að sinna hlutverki sínu.

#### 2. Forsendur samnings og lagaheimildir

2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og skal vera 31,0 m.kr. árið 2017.

2.1.1. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að árlegt framlag til samningsins út samningstímamann verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Vesturfarasetrið standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Vesturfarasetrið ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.

2.2. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.

2.3. Vesturfarasetrið starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 24. nóvember 1999.

2.4. Vesturfarasetrið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.



### 3. Ábyrgð

- 3.1. Vesturfarasetrið ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Vesturfarasetrið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Vesturfarasetrið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Vesturfarasetrinu er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og/eða setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.
    - Þó er Vesturfarasetrinu heimilt að láta skuldfæra út af bankareikningi sínum afborganir og vexti af langtímaláni hjá fjármögnunaraðila samkvæmt lánasamningi þar um.

### 4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í tólf jöfnum hlutum, fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Vesturfarasetursins.
- 4.2. Vesturfarasetrið skilar ráðuneytinu:
  - 4.2.1. Áætlun um rekstur og sjóðsstreymi ásamt starfsætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að fyrir lok janúar ár hvert.
  - 4.2.2. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.3. Eigi Vesturfarasetrið í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

### 5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Vesturfarasetursins funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar Vesturfarasetrið ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.4. Vesturfarasetrið skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. Vesturfarasetrið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.6. Samning þennan, ársreikning Vesturfarasetursins, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Vesturfarasetursins jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. Vesturfarasetrið setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi hans, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.




## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 6.1. Vesturfarasetrið tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Vesturfarasetrið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands Vestra.

## 7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2020.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Akureyri 10. október 2016.

  
Illugi Gunnarsson,  
mennta- og menningarmálaráðherra

  
Valgeir Þorvaldsson,  
frankvæmdastjóri

Vottar:

  
Sigríður Hallgrímsdóttir

---